

AUGLÝSING

um skiplagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 19. júní 2025 eftirfarandi:

Urriðaholt, norðurhluti, 4. áfangi, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á útfærslu Flóttamannavegar og gatnamóta við Urriðaholtsstræti, Holtsveg og aðkomuveg að golfvallarsvæði.

Urriðaholt, austurhluti, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingum á útfærslu Flóttamannavegar og gatnamóta við Urriðaholtsstræti, Holtsveg og aðkomuveg að golfvallarsvæði.

Deiliskipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum, deiliskipulagsbreyting Flóttamannavegur.

Tillagan gerir ráð fyrir breyttri legu og gatnamótum Flóttamannavegar og aðkomuvegar að golfvallarsvæði.

Urriðaholtsstræti 1-7, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts norður, 4. áfangi.

Tillagan gerir ráð fyrir breytingu sem nær til lóðanna Urriðaholtsstrætis 1, 3-5 og 7. Lóð nr. 3-5 verður lóð nr. 3 og lóð nr. 7 verður lóð nr. 5-7. Lóð nr. 7 breytist úr lóð fyrir atvinnustarfsemi í lóð fyrir fjölbýlishús. Ýmsar breytingar eru á lóðum og eru þær helstu eftirfarandi: Urriðaholtsstræti nr. 1: Fjöldi hæða verður 2 hæðir í stað 1-2 hæðir, byggingamagn lóðar eykst um 500 m² vegna óupphitaðs garðrýmis á lóð. Urriðaholtsstræti nr. 3-5 (nr. 3): Byggingarreitur og lóðamörk milli lóða Urriðaholtsstrætis 3-5 og 7 breytast. Heimilt verður að koma fyrir gróðurhúsi á þaki 1. hæðar. Byggingamagn atvinnuhúsnaðis á lóð minnkar um 500 m² en eykst í bílgeymslu um 732 m². Bílastæðakrafa er aukin úr 1 stæði fyrir hverja 30 m² í eitt stæði fyrir hverja 25 m². Urriðaholtsstræti nr. 7 (nr. 5-7). Notkun breytist úr verslun- og þjónustu í íbúðir fyrir 50 ára og eldri. Almennir skilmálar fyrir íbúðir í norðurhluta 4 gilda fyrir lóðina eftir breytingu. Heimilað byggingarmagn eykst úr 4.000 m² í 5.000 m² vegna íbúða neðan aðkomuhæðar og skilgreint er byggingamagn fyrir B rými svala. Byggingamagn bílgeymslu minnkar sem því nemur. Byggingarreitur breytist. Lóðamörk milli Urriðaholtsstrætis 3-5 og 7 breytast og kvöð um gegnumakstur milli lóða er felld niður. Aðkoma að bílakjallara breytist.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 29. júlí 2025.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025